

Fimmtudaginn 1. júní 1989.

Nr. 335/1987. **Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

og

Haflíða Guðjónssyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Áfrýjun. Löghald. Fjárnám. Réttarfar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa með stefnu 25. nóvember 1987 áfrýjað dómi bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 15. október 1987. Þá hafa áfrýjendur með stefnu 17. maí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s.m. áfrýjað fjárnámsgerð, er fram fór að kröfu Haflíða Guðjónssonar í fasteign þeirra nr. 79 A við Álfhólsveg í Kópavogi. Hafa málin verið sameinuð.

Áfrýjendur gera þær dómkröfur aðallega, að vísað verði frá héradsdómi þeim hluta málsins, er varðar kröfu stefnda Haflíða Guðjónssonar um staðfestingu löghalds þess er fram fór 16. desember 1987. Til vara krefjast áfrýjendur þess að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Til þrautavara krefjast áfrýjendur þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið, synjað verði um staðfestingu löghalds, málskostnaðarákvæði dómsins felld niður, en krafa þeirra um málskostnað í héraði tekin til greina. Í öllum tilvikum krefjast áfrýjendur málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu in solidum.

Þá krefjast áfrýjendur þess að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og stefndi Haflíði dæmdur til að greiða þeim málskostnað.

Stefndu Björg Árnadóttir og Rolant Dahl Christiansen krefjast staðfestingar á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Stefndi Hafliði Guðjónsson gerir þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur. Þá krefst hann þess, að áfrýjendur og Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður verði dæmd til að greiða réttarfarssekt. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

I.

Kröfu sína um, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, byggir stefndi Hafliði á því, að mál þetta varði málskostnað, sem stefndu Björg og Rolant hafi verið dæmd til að greiða. Samkvæmt 13. gr., 3. mgr., laga nr. 75/1973, um Hæstarétt, verði ákvörðun héraðsdómara um málskostnað ekki skotið sérstaklega til Hæstaréttar. Áfrýjendur mótmæla frávísunarkröfunni. — Áfrýjendur hafa skotið héraðsdómi í heild til Hæstaréttar, en ekki sérstaklega ákvæði hans um málskostnað í þessu máli. Ber að skýra áðurnefnt lagaákvæði á þann veg, að áfrýjunin sé heimil, og verður frávísunarkrafa stefnda Hafliða ekki tekin til greina.

II.

Aðalkrafa áfrýjenda er sú, að löghaldsmáli stefnda Hafliða gegn stefndu Björgu og Rolant verði vísað frá héraðsdómi. Með úrskurði bæjarþingsins 15. október 1987 var synjað slíkri kröfu um frávísun. Hefur þeim úrskurði ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar eftir 17. gr. laga nr. 75/1973. Þar sem ekki eru efni til frávísunar ex officio, verður aðalkrafa áfrýjenda ekki tekin til greina.

III.

Varakröfu sína um ómerkingu hins áfrýjaða dóms og heimvísun málsins reisa áfrýjendur á því að héraðsdómari hafi ekki tekið afstöðu til löghaldskostnaðar og einnig hafi hann farið út fyrir kröfur stefnda Hafliða, er hann dæmdi stefndu Björgu og Rolant til að greiða málskostnað in solidum.

Framangreind atriði varða ekki áfrýjendur og verður krafa þeirra um ómerkingu hins áfrýjaða dóms og heimvísun málsins því ekki tekin til greina.

Til þrautavara krefjast áfrýjendur þess, að synjað verði um staðfestingu löghalds.

Rök áfrýjenda fyrir synjunarkröfunni eru í fyrsta lagi þau, að hinn 16. desember 1986 hafi stefndu Björg og Rolant ekki átt neinar kröfur á áfrýjendur. Dómur Hæstaréttar frá 31. maí 1985 hafi kveðið á um skyldu Bjargar og Rolants til að gefa út afsal gegn greiðslu kaupverðs, en hinn 16. desember 1986 hafi áfrýjendur ekki verið búin að gera kröfu til, að dómnum yrði fullnægt, og því ekki stofnað til skuldar við Björgu og Rolant. Hafi ekki mátt gera löghald í hugsanlegum kröfum þeirra á áfrýjendur.

Óumdeilt er að áfrýjendur létu birta stefndu Björgu og Rolant hæstaréttardóminn frá 31. maí 1985 um áramótin 1985-1986. Stefndu Björg og Rolant áttu því 16. desember 1986 skilyrta kröfu, sem heimilt var að kyrrsetja. Verður því ekki á þessa röksemd áfrýjenda fallist.

Í öðru lagi styðja áfrýjendur synjunarkröfu sína með því að á dómþingi 20. maí 1987 hafi lögmenn allra stefndu gefið bindandi málflutningsyfirlýsingu um, að sátt þeirra „myndi ná til þess að stefndu greiddu stefnanda kr. 2.717.975,00 með ... vöxtum ... og málskostnað skv. gjaldskrá L.M.F.Í“. Eftir þetta hafi ekki verið um ágreining að ræða í raun milli stefndu og löghaldið sjálfkrafa niður fallið. — Eins og síðar kom fram, var ágreiningur með aðilum, og sátt tókst ekki um málskostnað. Þegar af þeirri ástæðu verður synjunarkrafa áfrýjenda ekki réttilega rökstudd á þann hátt, sem nú var lýst.

Enn styðja áfrýjendur kröfu sína um, að synjað verði um staðfestingu löghaldsins 16. desember 1986, með þeim rökum, að í fógetagerðinni sé ekki getið um kröfurnar, sem tryggja átti. Þeirra var getið í gerðarbeiðni og í fógetabók um þinghald 15. desember 1986 og getur þetta atriði ekki orðið til þess, að krafa áfrýjenda verði tekin til greina. — Þá telja áfrýjendur, að staðfestingarmálið hafi verið höfðað of seint, en svo var ekki, sbr. 20. gr. laga nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann. Gerðinni lauk 16. desember 1986 og staðfestingarmálið var höfðað 23. s.m. — Þá telja áfrýjendur að löghaldskrafan hafi verið óraunhæf og allt of há. — Af hálfu gerðarþola var fjárhæðinni mótmælt og tók fógeti afstöðu til þessa

atriðis. Getur þetta atriði eigi leitt til þess nú, að synjað verði um staðfestingu löghaldsins.

Samkvæmt þessu verður ekki á það fallist að synja beri um staðfestingu á löghaldinu, sem á var lagt 16. desember 1986 að kröfu stefnda Hafliða í eignum stefndu Bjargar og Rolants.

V.

Ekki eru efni til að breyta ákvörðunum bæjarþingsins um málskostnað.

VI.

Hin áfrýjaða fjárnámssgerð byggist á hinum áfrýjaða dómi. Fór gerðin fram áður en dómnum var áfrýjað. Á henni eru engir gallar, sem leitt geta til þess, að tekin verði til greina krafa áfrýjenda um að hún verði felld úr gildi. Ber að sýkna stefnda Hafliða af þessari kröfu.

VII.

Ekki eru efni til að taka til greina fram komna kröfu um réttarfarssektir.

VIII.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen 45.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti og stefnda Hafliða Guðjónssyni 50.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndi Hafliði Guðjónsson á að vera sýkn af kröfu áfrýjenda um fjárnám 20. nóvember 1987.

Áfrýjendur, Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson, greiði stefndu Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen 45.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur greiði stefnda Hafliða Guðjónssyni 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta hæstaréttardómara um, að ekki beri að vísa máli þessu frá Hæstarétti og að ekki séu neinir þeir ágallar á hinum áfrýjaða dómi, er hafi í för með sér, að hann beri að ómerkja og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar að nýju.

Ég tel, með vísan til þess hvernig stefndu ráðstöfuðu sakarefni málsins, að ekki séu fyrir hendi skilyrði 1. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 18/1949, til að löghald það, sem lagt var á 16. desember 1986, nái til málskostnaðar þess, sem stefndu Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen var gert að greiða Hafliða Guðjónssyni. Því beri að fella úr gildi ákvæði hins áfrýjaða dóms um staðfestingu löghaldsins og ákvæði hans um að áfrýjendur greiði stefndu málskostnað.

Þá tel ég að einnig beri að fella hina áfrýjuðu fjárnámssgerð úr gildi. Eftir þessum úrslitum tel ég að dæma beri stefndu til að greiða áfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. október 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. október sl., höfðaði stefnandi, Hafliði Guðjónsson, nnr. 3497-8808, Rekagranda 3, Reykjavík, áður til heimilis að Nóatúni 25, Reykjavík, gegn Björgu Árnadóttur, nnr. 1257-5513, Uppsölum, Fremri-Torfustaðahreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, og Rolant Dahl Christiansen, nnr. 7363-3338, Fljótaseli 26, Reykjavík, með þingfestingu málsins 8. janúar 1987.

Anna Sigríður Guðmundsdóttir, nnr. 0333-3698, og Sveinn Ívarsson, nnr. 8748-7245, bæði til heimilis að Álfhólsvegi 79 A, Kópavogi, höfðu meðalögngusök með framlagningu stefnu í dóm 8. janúar 1987. Þau kröfðust þess m.a. að stefnanda og stefndu yrði gert að hlíta meðalgöngu þeirra.

Stefnandi gerði þær dómkröfur í meðalögngusökinni að henni yrði vísað frá dómi og meðalögngustefnendum yrði gert að greiða sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ að mati dómsins.

Stefndu gerðu þær dómkröfur í meðalögngusökinni að henni yrði vísað frá dómi og að meðalögngustefnendum yrði gert að greiða sér málskostnað að mati dómsins.

Með dómi, upp kveðnum 12. mars 1987, var meðalögngusökinni vísað frá dómi á þeirri forsendu að meðalögngustefnendur hefðu ekki í málalíbúnaði sínum fullnægt öllum ákvæðum 88. gr. laga nr. 85/1936 og ekki

heldur ákvæðum 105. gr. sömu laga. Í dómi þessum var engin afstaða tekin til þess hvort meðalganga skyldi heimiluð eða ekki.

Meðalgöngustefnendur kærðu frávísunardóminn og með dómi Hæstaréttar, sem upp var kveðinn 14. apríl sl., var dómurinn felldur úr gildi. Jafnframt var meðalgangan heimiluð, án þess þó að héraðsdómari hefði tekið afstöðu til þess álítaefnis eins og fyrr segir.

Í dómi Hæstaréttar er tekið fram að málskostnaður verði eigi dæmdur á þessu stigi málsins.

Dómkröfur aðila um efni þessa máls eru sem hér segir:

Dómkröfur stefnanda voru þær upphaflega „að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða kr. 3.445.000,00 með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 11. mars 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. apríl 1986 til greiðsludags, að staðfest verði löghald í fjárkröfum stefndu á hendur Sveini Ívarssyni og Önnu Sigríði Guðmundsdóttur, báðum til heimilis að Álfhólsvegi 79 A, Kópavogi, samkv. dómi Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 187/1983: Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson gegn Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen og Hafliða Guðjónssyni og gagnsakir, en löghaldsgerðin, sem fram fór til tryggingar dómkröfum máls þessa, hófst 15. þessa mánaðar og lauk hinn 16. sama mánaðar, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða kr. 40.790,00 með 2,25% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá 16. desember 1986 til greiðsludags vegna út lagðs kostnaðar við löghaldsgerðina, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, sbr. málskostnaðareikning er lagður verður fram við þingfestingu máls þessa“.

Áður en til aðalflutnings þessa máls kom, gerðu stefnandi og stefndu sátt um fjárkröfur, aðrar en málskostnaðarkröfu, eins og síðar verður greint frá.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi fyrst þær dómkröfur að löghaldið yrði staðfest fyrir öllum fjárkröfum, en breytti síðan þeirri kröfu og krafðist einungis staðfestingar löghaldsins fyrir málskostnaðarkröfu sinni á hendur stefndu, en stefnandi gerði þá kröfu að stefndu yrði gert að greiða sér kr. 40.790,00 vegna út lagðs kostnaðar við löghaldsgerðina með 2,25% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá 16. desember 1986 til 1. mars 1987, með 2,50% dráttarvöxtum frá þeim degi til 27. s.m. og með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Enn fremur gerði stefnandi þá dómkröfu, að meðalgöngustefnendur yrðu dæmd til að greiða sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu voru upphaflega þær „að þeim verði aðeins dæmt að greiða aðalstefnanda, Hafliða Guðjónssyni, kr. 1.100.000,00 með vöxt-

um og vaxtavöxtum sem hér segir: 34% ársvöxtum af kr. 200.000,00 frá 10.7. 1982 til 10.8. s.á. og af kr. 380.000,00 frá þeim degi til 1.11. s.á., 42% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.12. s.á. og af kr. 1.100.000,00 frá þeim degi til 20.9. 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 10.10. s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20.11. s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 20.12. s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 20.1. 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11.8. s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1. 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11.5. s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. s.á. og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Vextir leggist við höfuðstól í fyrsta sinn 31.12. 1982 og síðan á 12 mánaða fresti. Málskostnaður verði samkvæmt mati hins virðulega réttar og löghald verði staðfest til tryggingar fjárhæðum þessum“.

Við munnlegan flutning málsins gerðu stefndu þær dómkröfur að þau yrðu aðeins dæmd til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað. Löghald stefnanda yrði einungis staðfest fyrir þeim málskostnaði sem stefnanda yrði dæmdur úr hendi þeirra.

Þá gerðu stefndu þær dómkröfur að meðalgöngustefnendum yrði gert að greiða sér málskostnað að mati dómsins.

Meðalgöngustefnendur gerðu þær dómkröfur í stefnu sinni „að aðilum máls þessa verði gert að hlíta meðalgöngu þeirra Sigríðar Önnu Guðmundsdóttur og Sveins Ívarssonar, að synjað verði um staðfestingu á löghaldi, er lagt var hinn 16. desember 1986 á „fjákröfur gerðarþolanna“ (stefndu í máli þessu, Bjargar Árnadóttur og Rolants Dahls Christiansens), „á hendur Sveini Ívarssyni og Önnu Sigríði Guðmundsdóttur“, samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 31. maí 1985 og að aðilum verði gert að greiða meðalgönguadilum hæfilegan málskostnað að mati dómara eða samkvæmt síðar fram lögðum reikningi“.

Við munnlegan flutning málsins gerðu meðalgöngustefnendur þær dómkröfur aðallega að kröfu stefnanda um staðfestingu löghaldsins yrði vísað frá dómi, en til vara að staðfestingu yrði synjað. Þá gerðu meðalgöngustefnendur þá dómkröfu, að stefnandi og stefndu yrðu dæmd in solidum til þess að greiða sér málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Hinn 5. mars sl. fór fram munnlegur flutningur um kröfu stefnanda og stefndu um að meðalgöngusök meðalgöngustefnenda yrði vísað frá dómi. Undir munnlegum flutningi lögmanns stefnanda gerði lögmaður meðalgöngustefnenda þá kröfu að fá að leggja fram bréf lögmanns stefnanda til borgarfógeta, dags. 19. desember 1986. Þessari kröfu synjaði dómarrinn og kærði lögmaður meðalgöngustefnenda þá synjun til Hæstaréttar.

Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 14. apríl sl., var synjun dómarrans felld úr gildi. Í dóminum var tekið fram að kærúmálskostnaður yrði ekki dæmdur.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Hinn 30. júní 1982 gerðu stefnandi annars vegar og meðalgöngustefnendur hins vegar tilboð í íbúð stefndu að Nóatúni 25 hér í borg. Stefndu tóku tilboði meðalgöngustefnenda, sem borist hafði fyrr, snerist síðan hugur, tóku tilboði stefnanda og riftu samningnum við meðalgöngustefnendur.

Meðalgöngustefnendur héldu samningnum upp á stefndu og höfðuðu dómsmál í því skyni. Lyktir málaferlanna urðu þær að með dómi Hæstaréttar 31. maí 1985 í máli meðalgöngustefnenda gegn stefndu og stefnanda voru stefndu dæmd til þess að gefa út afsal til meðalgöngustefnenda fyrir íbúðinni sér til handa 18. desember 1986.

um.

Meðalgöngustefnendur fengu með atbeina borgarfógeta gefið út afsal fyrir íbúðinni sér til handa 18. desember 1986.

Stefnandi hafði 16. desember 1986 fengið lagt löghald á fjárkröfur stefndu á hendur meðalgöngustefnendum. Þar var um að ræða kaupverð íbúðarinnar að Nóatúni 25, sem meðalgöngustefndu skyldu samkvæmt dómi Hæstaréttar 31. maí 1985 greiða stefndu gegn útgáfu afsals.

Kaupverð íbúðarinnar nam kr. 1.250.000,00 auk vaxta og þá fjárhæð átti að greiða með nánar til teknum hætti, eins og fram kemur í löghaldsgerð fógeta.

Samkvæmt löghaldsbeiðni stefnanda, sem dagsett er 15. desember 1986, krafðist hann löghalds fyrir kr. 3.445.000,00 með 2,75% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá 11. mars 1986 til 31. mars 1986, með 2,25% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá 1. apríl 1986 til greiðsludags, auk alls kostnaðar við löghaldsgerðina, eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og aðrar réttargerðir, sem til þyrfti til þess að tryggja rétt stefnanda, auk málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi, sem lagður yrði fram við aðalflutning staðfestingarmálsins, ef til hans kæmi.

Eins og fyrr segir, lagði borgarfógeti hinn 16. desember 1986 á löghald, og segir um það svo í fógetaréttargerðinni:

„Fógeti lagði nú á ábyrgð gerðarbeiðanda löghald á fjárkröfur gerðarþolanna, sem skrifaðar voru upp í réttarhaldi í máli þessu í gær undir tölulíðum 1, 2 og 3, en greiðendur þeirra krafna eru Sveinn Ívarsson og Anna S. Guðmundsdóttir.“

Bókun frá þinghaldi í löghaldsmálinu, sem hér skiptir máli, er svohljóðandi:

„Hann [þ.e. lögmaður stefnanda, Sigurður G. Guðjónsson hdl.] krefst löghalds í fjárkröfum gerðarþolanna á hendur Sveini Ívarssyni og Önnu Sigríði Guðmundsdóttur, báðum til heimilis að Álfhólsvegi 79 A, skv. dómi Hæstaréttar, rskj. 2, kr. 1.250.000,00 samtals, svo sem hér segir:

1. 150.000,00 kr. með bók nr. CA 7449 við Landsbanka Íslands, aðalbanka, auk áfallinna og áfallandi vaxta.

2. 750.000,00 kr. með 47% ársvöxtum af 200.000,00 kr. frá 20/9 '82 til 1/11 s.á., en dómvöxtum frá 1/11 '82 til 15/11 '82, með dómvöxtum frá 15/11 '82 af kr. 300.000,00 til 15/1 '83, af kr. 400.000,00 frá 15/1 '83 til 15/3 '83, af kr. 480.000,00 frá 15/3 '83 til 15/4 '83, af kr. 580.000,00 frá 15/4 '83 til 15/6 '83, af kr. 660.000,00 frá 15/6 '83 til 15/8 '83 og af kr. 750.000,00 frá 15/8 '83 til greiðsludags.

3. 350.000,00 kr. með 2 veðskuldabréfum, útg. af Sveini Ívarssyni og Önnu S. Guðmundsdóttur, tryggðum með 1. veðrétti í fimm herbergja íbúð á 2. hæð í Nóatúni 25, Rvík, er beri 20% ársv. frá 15/7 '82 og greiðast skyldu með fjórum jöfnum árlegum afborgunum, í 1. sinn: 15/10 '83, 2. sinn: 15/10 '84, 3. sinn: 15/10 '85 og 4. sinn: 15/10 '86.“

Í lögaldsmálinu var sótt þing af hálfu gerðarþola, stefndu í máli þessu, og því haldið fram að lögaldskrafan væri of há, en lögaldinu sjálfu ekki mótmælt.

Í þinghaldi í máli þessu 18. maí sl. óskuðu stefnandi og stefndu eftir því að gera sátt um fjárkröfur, en því var mótmælt af hálfu meðalgöngustefnenda að þessum aðilum yrði heimilað að gera dómsátt. Í þinghaldi í málinu 20. maí sl. lýstu stefnandi og stefndi því, hvert yrði efni sáttarinnar, og með úrskurði, upp kveðnum 27. maí sl., heimilaði dómari, að sáttin yrði gerð. Meðalgöngustefnendur kærðu úrskurðinn til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 30. júní sl. var hinn kærði úrskurður staðfestur. Í dómnum var tekið fram að málskostnaður yrði ekki dæmdur.

Í þinghaldi í málinu 18. september sl. gerðu stefnandi og stefndu svohljóðandi sátt:

„Stefndu, Björg Árnadóttir og Rolant Dahl Christiansen, greiði stefnanda, Hafliða Guðjónssyni, in solidum kr. 2.717.975,00 með 10,3% ársvöxtum af kr. 2.615.972,00 frá 21. maí 1987 til greiðsludags. Greiðslan fari fram 21. september 1987.“

Eins og fyrr greinir var af hálfu meðalgöngustefnenda gerð sú dómkrafa við munnlegan flutning málsins að kröfu stefnanda um staðfestingu lögaldsins yrði vísað frá dómi. Með úrskurði dómars, sem kveðinn var upp í dag var þeirri kröfu synjað.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að hann eigi rétt á málskostnaði úr hendi stefndu og beri að reikna hann samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og leggja til grundvallar við útreikninga þá fjárhæð, sem getur um í framangreindri sátt.

Lögaldskostnað eigi stefnandi að fá til dæmdan úr hendi stefndu miðað við þá fjárhæð, sem lögald hafi verið gert fyrir, kr. 40.790,00, með vöxtum eins og krafist sé.

Allar forsendur séu fyrir hendi til þess að staðfesta löghaldið fyrir þessum fjárhæðum.

Meðalgöngustefnendur berð að dæma til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu er því haldið fram að stefnanda eigi að meta hæfilegan málskostnað úr hendi stefndu. Stefndu hafi strax samþykkt að greiða stefnanda þær fjárkröfur, sem sátt hafi verið gerð um. Löghaldskostnað, sem ekki falli undir 8. tl. 175. gr. laga nr. 85/1936 eigi ekki að miða við þá fjárhæð, sem löghald var gert fyrir, sem hafi verið allt of há og því haft í för með sér óþarfan kostnað, heldur þá fjárhæð, sem sátt var gerð um.

Meðalgöngusök hafi verið höfðuð að óþörfu, úrslit þessa máls hafi ekki skipt meðalgöngustefnendur í raun neinu máli. Meðalgöngusökin hafi haft aukinn kostnað í för með sér fyrir stefndu við rekstur málsins og beri meðalgöngustefnendum að greiða stefndu málskostnað.

Af hálfu meðalgöngustefnenda er því haldið fram að ekki eigi að staðfesta löghaldið. Engin fjárkrafa hafi verið fyrir hendi, þegar löghaldið var gert, því að fjárkrafa stefndu á hendur meðalgöngustefnendum hafi ekki orðið til fyrr en meðalgöngustefnendur hafi krafist afsals úr hendi stefndu fyrir íbúðinni að Nóatúni 25, sem hafi verið eftir þann tíma, að löghaldið var lagt á. Löghaldið sé því „nullitet“.

Hæstiréttur hafi í dómum sínum tekið afstöðu til málskostnaðar varðandi þá úrskurði, sem gengið hafi í máli þessu, og verði því ekki tekið tillit til þeirra við ákvörðun málskostnaðar í máli þessu.

Dæma beri stefnanda og stefndu til þess að greiða meðalgöngustefnendum fullan málskostnað.

Niðurstaða dómsins.

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 260.000,00, þ.m.t. löghaldskostnaður og söluskattur.

Löghald það, sem lagt var á fjárkröfur stefndu á hendur meðalgöngustefnendum 16. desember 1986, þykir hafa næga lagastoð í 6. gr. laga nr. 18/1949 og vera lagt á með formlega réttum hætti, og ber því að staðfesta það fyrir framangreindum málskostnaði, kr. 260.000,00.

Málskostnaður, sem meðalgöngustefnendur greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Málskostnaður, sem meðalgöngustefnendur greiði stefndu, Björgu og Rolant Dahl, þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.500,00 til hvors um sig. Sölu-skattur er með talinn.

Dóm þennan kvað upp Friðgeir Björnsson yfirborgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Björg Árnadóttir og Rolant Dahl Christiansen, greiði in solidum stefnanda, Hafliða Guðjónssyni, kr. 260.000,00 í málskostnað.

Löghald, sem lagt var á fjárkröfur stefndu á hendur meðalgöngustefnendum, Önnu Sigríði Guðmundsdóttur og Sveini Ívarssyni, 16. desember 1986, er staðfest fyrir framangreindri fjárhæð.

Meðalgöngustefnendur, Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson, greiði stefnanda, Hafliða Guðjónssyni, kr. 25.000,00 í málskostnað, stefndu Björgu Árnadóttur kr. 12.500,00 og stefnda Rolant Dahl Christiansen kr. 12.500,00.

Fjárkröfur samkvæmt dómi þessum skulu greiddar innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
